

## SAMÞYKKT

### um afgreiðslu byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar Kaldrananeshrepps.

#### 1. gr.

Byggingarfulltrúi Kaldrananeshrepps fer með verkefni sem mælt er fyrir um í lögum nr. 160/2010 um mannvirki og ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna, þar á meðal útgáfu byggingarleyfa.

#### 2. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis af hálfu byggingarfulltrúa samkvæmt III. kafla laga um mannvirki er að byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Kaldrananeshrepps hafi samþykkt útgáfunna, en nefndin annast verkefni byggingarnefndar, sbr. 7. gr. laga um mannvirki.

#### 3. gr.

Byggingarfulltrúi skal hafa samráð við byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Kaldrananeshrepps um hvert það mál sem hann telur að varði verksvið nefndarinnar.

Byggingarfulltrúi skal leita samþykkis byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar Kaldrananeshrepps áður en byggingarleyfi er veitt, verði breyting á mannvirki, útliti þess og formi, nema breyting sé óveruleg, sbr. 5. mgr. 9. gr. laga um mannvirki.

#### 4. gr.

Um málsmeðferð gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, laga um mannvirki, nr. 160/2010, skipulagslaga, nr. 123/2010, og stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

#### 5. gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Kaldrananeshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt á fundi sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps 25. september 2024.

Samþykkt þessi um afgreiðslu byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar var staðfest af félags- og húsnæðismálaráðherra 29. janúar 2025.

*Drangsnesi, 12. mars 2025.*

F.h. sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps,

**Finnur Ólafsson** oddviti.

---

B-deild – Útgáfudagur: 27. mars 2025